


	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	Námsáætlun Þýsk1AU05 á haustönn 2018	
Síða 1 í 4		

Kennari: Kristín Luise Kötterheinrich	Netfang: kristin@fva.is
--	--------------------------------

Námsgögn:

Menschen (Kursbuch og Arbeitsbuch) – sama bók og í síðasta áfanga
 Ýmislegt ítarefni frá kennara (bæði á Innu og á fjölríti)
 Gott að hafa lausblaðamöppu

Lýsing:

Kröfur áfangans samsvara hæfnisþrepi A1 í Evrópska tungumálarammanum. Byggt er markvisst á þeirri kunnáttu sem nemendur hafa nú þegar tileinkað sér og unnið er að því að auka enn frekar færni nemenda í lesskilningi, tali, hlustun og ritun. Áfram er unnið með orðaforða sem tengist daglegu lífi og nánasta umhverfi nemandands, daglegum athöfnum, ferðalögum o.s.frv. Orðaforði eykst jafnt og þétt og ný málfræðiatríði eru kynnt til sögunnar og æfð. Nemendur þurfa í auknum mæli að tjá sig munnlega og textar verða smám saman lengri og þyngri. Haldið er áfram að flétta inn í kennsluna upplýsingum um staðhætti, menningu og samskiptavenjur í þýskumælandi löndum.

Markmið (þekking, leikni, hæfni):

Þekking


Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta markmiðum áfangans
- helstu grundvallarþáttum málkerfisins
- helstu reglum framburðar og tónfalls
- þýskumælandi löndum, menningu þeirra, samskiptavenjum og siðum.

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja talað mál um kunnugleg efni þegar talað er skýrt og fylgja einföldum munnlegum fyrirmælum
- lesa lengri og þyngri texta sem innihalda algengan orðaforða, greina á milli aðal- og aukaatriða og vinna úr textunum á mismunandi hátt
- afla sér einfaldra, hagnýtra upplýsinga og taka þátt í einföldum samræðum um efni sem hann þekkir með því að beita viðeigandi kurteisis- og málvenjum

Síða 2 í 4	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	Námsáætlun Þýsk1AU05 á haustönn 2018	

- tjá sig á einfaldan hátt um liðna atburði, eigin tilfinningar, viðhorf og reynslu, segja einfalda sögu, lýsa liðnum atburðum og persónum í stuttu máli með því að beita orðaforða og framburði á sem réttastan hátt
- skrifa stutta texta í nútíð og núliðinni tíð, t.d. bréf, skilaboð, samtöl, leiðarlýsingar o.fl.

Færni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tjá sig munnlega og skriflega á einfaldan hátt
- skilja talað mál um kunnugleg efni
- skilja meginatriði lengri og þyngri texta sem innihalda algengan orðaforða
- meta eigið vinnuframlag, framfarir og kunnáttu, halda áfram að tileinka sér jákvætt viðhorf til þýskunámsins og öðlast trú á eigin kunnáttu í faginu.

Námsmat:

Námsmatsþættir og vægi þeirra:

3 hlutapróf	30%
Yfirlitspróf	20%
Rítanir	15%
Munnlegt 1	5%
Munnlegt 2	8%
Ýmis verkefni	10%
Kannanir o.fl.	12%


Hlutapróf taka mið af því námsefni sem farið hefur verið yfir hverju sinni (orðaforði, málnotkun, málfræði o.fl.). Hlutapróf eru 3 á önninni.

Yfirlitspróf er próf sem tekur á völdum atriðum úr námsefni annarinnar og setur þau í samhengi.

Rítanir – nemendur skrifa ýmis styttri ritunarverkefni á önninni og skila til kennara. Kennari fer yfir og skilar til nemenda með athugasemdum. Í lok annar verður svo unnið með öll ritunarverkefni í samhengi bæði munnlega og skriflega. Ritunarverkefni tengjast efni kaflanna í kennslubókinni.

Munnlegt verkefni 1: Um miðbik annar. Stutt spjall við kennara á þýsku um fyrirfram ákveðin efni.

Munnlegt verkefni 2: Í annarlok. Annaðhvort einstaklings- eða paravinna. Farið yfir nánari tilhögun í annarlok.

	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	Námsáætlun Þýsk1AU05 á haustönn 2018	
Síða 3 í 4		

Ýmis verkefni: Nemendur vinna ýmis verkefni úr Kurs- og Arbeitsbuch eða á fjölritum og skila til kennara. Þessi verkefni eru ýmist unnin í einstaklings- eða paravinnu.

Kannanir: Kennsluefninu fylgja ýmis hlustunarverkefni sem nemendur vinna ýmist í kennslustundum undir leiðsögn kennara eða heima. Litlar kannanir (t.d. á Innu) og textar taka mið af orðaforða og/eða málfræði- og málnotkunaratriðum sem verið hafa til umfjöllunar í kennslustundum. Þessi verkefni eru ýmist unnin í einstaklings- eða paravinnu. 6 bestu gilda.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Nemendum ber að fylgjast með tilkynningum INNU og mæta með kennslubækur í tíma.

Nemendur sem fengið hafa árekstrarheimild samþykka eða frávik frá skólasóknarreglu hafi samband við kennara vegna námsmats. Þessir nemendur gangast undir annað námsmat.

Nemendur skulu virða skilafresti verkefna. Aldrei er hægt að skila verkefnum til kennara eftir að aðrir nemendur hafa fengið þau til baka. Ekki er hægt að vinna upp verkefni annarinnar í annarlok.

Sjúkrapróf (á við um hlutapróf og munnleg próf) eru aðeins í boði fyrir þá sem eru löglega afsakaðir (tilkynnt og skráð veikindi/leyfi í INNU). Nemandi ber að hafa samband við kennara hið fyrsta til þess að fá upplýsingar um sjúkraprófið. Hafi nemandi ekki samband er litið svo á að hann ætli sér ekki að taka prófið og skráist þá einkunnin 0.

Tölvur og símar eru einungis leyfð í kennslustundum til að vinna ákveðin verkefni undir stjórn kennara og skulu ekki sjást uppi á borðum ef ekki er verið að nota þau til slíks. Nemendur sem ekki virða þessa reglu geta búið við að fá fjarvistarstig. **Sjá nánar um notkun snjalltækja í skólanámsskrá FVA.**

Til að standast áfangann þurfa nemendur að:

- skila a.m.k. 90% verkefna
- vera með a.m.k. 90% mætingu
- taka munnleg próf/skila munnlegum verkefnum
- hafa ekki lægri meðaleinkunn úr hlutaprófum og yfirlitsprófi en 4,5

Tími við nám:

Tímasókn 60 klst.


Heimavinna og undirbúningur fyrir tíma: 18 klst.

Rítanir og ýmis verkefni: 10 klst.

Undirbúningur fyrir próf og kannanir: 12 klst.

Munnleg verkefni: 10 klst.

Alls: 110 klst. /21 = 5 einingar

Síða 4 í 4	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	Námsáætlun Þýsk1AU05 á haustönn 2018	

Vík a	Dags.	Námsþættir	Námsmatsþættir
1	20.-24.8.	Kynning á áfanga, upprifjun og stöðumat	
2	27.-31.8.	Lektion 9	
3	3.-7.9.	Lektion 9	
4	10.-14.9.	Lektion 10	
5	17.-21.9.	Lektion 10	
6	24.-28.9.	Lektion 11 und 12	Hlutapróf 1
7	1.-5.10.	Lektion 11 und 12	
8	8.-12.10.	Lektion 11 und 12	Munnlegt 1
9	15.-19.10.	Vinna utan kennslubókar, miðannarfrí 18. og 19.	
10	22.-26.10.	Lektion 13	
11	29.- 2.11.	Lektion 13	Hlutapróf 2
12	5.-9.11.	Lektion 14	
13	12.-16.11.	Lektion 14	
14	19. – 23.11.	Lektion 15 (að hluta)	Hlutapróf 3
14	26.-30.11.	Ritunarverkefni og önnur verkefni	
15	3.- 7.12.	Námsmatsdagar (yfirlitspróf og lausir endar)	Yfirlitspróf
16	10.-14.12.	Námsmatsdagar	Munnlegt 2
17	17.-18.12.		

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar. Nemendum er bent á að nokkuð nákvæm áætlun fyrir hverja viku birtist á Innu. Dagsetningar prófa og kannana eru ræddar við nemendur í kennslustundum og svo birtar á Innu. Inn á yfirlitið hér að ofan vantar dagsetningar kannana/hlustunarverkefna o.fl. en slíkt er ákveðið í samráði við nemendur og fer eftir því hvernig námsefnið vinnst.